

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998,  
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „og 2000“ í 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: 2000 og 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Árni M. Mathiesen.*

Nr. 160

**LÖG**

20. desember 2000

**um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til að standa straum af fjárframlögum vegna alþjónustu árið 2001 skal innheimta jöfnunargjald skv. 15. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, af gjaldskyldri veltu ársins. Gjaldið skal nema 0,12% af bókfærðri veltu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sturla Böðvarsson.*